

## Fundur haldinn kl. 15:00 í Laugargerðisskóla 22. maí 2019.

Mætt voru: Katrín Gísladóttir, Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir skólustjóri, Sigurður Jónsson fulltrúi kennara og Kristján Magnússon fulltrúi Borgarbyggðar.

Katrín setti fund, bauð fundarmenn velkomin og gaf Ingveldi orðið um skólastarfið.

- Ingveldur fór yfir skóladagatal komandi skólaárs 2019 – 2020. Kennsludagar eru 180. Skóladagatalið er að hluta til samræmt við skóladagatal hjá Borgarbyggð. Óhefðbundnir skóladagar með nemendum eru 10 sem nýttir eru til ýmiss uppbrots. Búið að setja vetrarfrí inn en eins og áður koma þeir á móti þeim dögum sem koma tvöfaldir af og til yfir skólaárið. Starfsdagar eru 13 og skiptast þannig: 8 dagar utan starfstíma skóla, 5 dagar í ágúst og 3 dagar í júní. 5 dagar af og til yfir skólaárið á starfstíma skóla. Kennsla hefst 21. ágúst og skólaslit eru 29. maí 2020. Gerðar smávægilegar athugasemdir við skóladagatal þar sem búið er að setja inn smíðjur í Borgarfirðinum um miðjan maí fyrir unglingastigið en nefndarmönnum þótti það seint og hitta illa á vegna vorverka. Ingveldur tók að sér að skrifa bréf og athuga með breytta dagsetningu.

Skóladagatal samþykkt með fyrirvara.

- Vilji er bæði hjá Laugargerðisskóla og Lýsuhólsskóla að auka samstarf og samveru. Foreldrafélag Laugargerðisskóla hefur staðið vaktina og stutt við þessar ferðir sem hafa verið mjög gagnlegar og mjög vel heppnaðar.
- Ingveldur hefur áhuga á að fara í upphafi skólaárs með nemendur í ferð þar sem gist verði í tjöldum eða sumarbústað. Náttúran skoðuð, farið í leiki og átt góða stund í náttúru landsins. Það þarf ekki að fara langt til að læra og upplifa um náttúru landsins.
- Barnameningarhátíð var í Reykholti í byrjun maí þar sem um 170 börn á miðstigi grunnskóla á Vesturlandi hittust til að upplifa og læra um miðaldarlíf og sögu, árhersla var lögð á skapandi listir og verkmenningu. Okkar börn tóku þátt í þessari hátíð ásamt kennurum og skemmtu sér afskaplega vel.
- Samstarfsdagar eru í samstarfi við aðra grunnskóla á Vesturlandi 4 sinnum yfir veturinn. Þar eru m.a. miðstigsleikar, sameiginlegar smíðjur, Lyngbrekkuball o. fl
- Almennu telur Ingveldur að skólastarfið sl. vetur hafi gengið vel. Auk hefðbundinnar kennslu og vinnu eru tækifæri nýtt til að brjóta upp og nýta óhefðbundna möguleika sem við eigum í nærumhverfinu til kennslu. Reynt er að fara í styttri og lengri ferðir af og til og má þar m.a. nefna dekurdag 9. bekkjar og ferð í Dalina. Árshátíðin heppnaðis einnig vel.
- Framundan núna á vordögum eru til dæmis BMX Bros heimsókn þar sem verður hjólasýning og nemendur fá að spreyta sig. Tarzanleikar, tónleikar og foreldragrill. Lýshól er boðið á þann dag og er áætlað að þau fái hádegismat í skólanum og fari svo heim.
- Skólaráð stendur fyrir skólamálalapingi með þjóðfundasniði snemma á haustdögum en þá er von á Ingvari Sigurgeirssyni sem kemur til með að stýra fundi ásamt Ingveldi

og öðru starfsfólki. Fjallað verður um skólastarfið, hvert við stefnum og framtíðarsýn skólans.

- Vika er eftir af umsóknarfresti um lausar stöður. Starfsmannamál lýta vel út að sögn Ingveldar. Umsóknir hafa borist í laus störf. Starfsmannamál verða væntanlega komin á hreint um mánaðarmótin maí / júní og verða þá nýjir starfsmenn kynntir til sögunnar.
- Skólinn er að koma vel út úr þeim könnunum sem gerðar hafa verið á landsvísu, bæði samræmdum prófum, lesskilningsprófum, Lesferli svo eitthvað sé nefnt.
- Ingveldur hefur hug á að nýta nærsamfélagið til að bjóða uppá styttri námskeið af ýmsum toga eins og í textílmennt, sveitaheimsóknir o.fl. Fullt af hæfileikaríku fólki og stöðum sem hægt er að nýta.
- Aðeins rætt um mótuneytismál og aðföng. Hvetjum skólann til að reyna að versla sem mest í heimabyggð og nýta nærsamfélagið til að kaupa aðföng eins og hægt er. Spurning hvort setja eigi upp innkaupastefnu fyrir sveitarfélagið í heild sinni.
- Einnig var aðeins rætt um þá umræðu að leigja skólann út í sumar, bæði til gistingar og eldhúsið.
- Skólanefndin vill vekja athygli hreppsnefndar á því, með velferð bæði barna og starfsfólks í huga, að brýn þörf er á að fara í viðhald og varanlegar endurbætur á bæði skólahúsnæðinu og öðrum mannvirkjum skólans. Nú er þetta orðin eign sveitafélagsins og mikilvægt að byrja á réttum enda, það er lagfæringu á húsnæðinu. Skólanefndin hvetur hreppsnefnd til að flýta þessum framkvæmdum, forgangsraða og hefja framkvæmdir sem allra, allra fyrst. Það er vilji okkar allra að þar sem einn fjölmennasti vinnustaður sveitarinnar og þar sem börnin eru flesta daga á ári sé heilusamlegt og gott umhverfi. Það gæti til dæmis verið sterkur leikur að ráða mann sem búsettur er á svæðinu til að sjá um daglegt viðhald svæðisins og minni viðgerðir auk þess sem það er jú atvinnuskapandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.